1. tbl. 24. árgangur • mars 2013

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Mögnuð bændaferð

Í lok febrúar fóru vaskir bændur úr Suður-Þingeyjarsýslu í heimsókn til bænda í Húnavatnssýslum. Um var að ræða tveggja daga ferð og gist var í Gauksmýri. Rúmlega 20 bændur fóru í ferðina auk þess sem þeir buðu ritstjóra Fréttabréfs stéttarfélaganna með í ferðina sem seint verður talinn merkilegur bóndi. Ferðin tókst afar vel og var þingeyskum bændum afar vel tekið, hvar sem þeir komu. Komið var við á átta bæjum í Húnavatnssýslunum.

Hjónin Birgir og Steinunn Ósk voru í rosalegu stuði eins og aðrir í ferðinni.

Áhugaverðir fundir framundan

Eins og sjá má í auglýsingum í Fréttabréfinu eru framundan forvitnilegir kynningarfundir á vegum stéttarfélaganna í samstarfi við VÍB og Íslandsbanka um fjármál og sparnað á mannamáli. Rétt er að taka fram að fundirnir eru opnir öllum og eru jafnframt ókeypis. Sérstakur fundur verður fyrir eldri borgara sjá nánar í auglýsingu.

Hefur þú notað afmælisgjöfina?

Þegar því var fagnað árið 2011 að 100 ár voru liðin frá stofnun Verkamannafélags Húsavíkur nú Framsýnar, stéttarfélags var samþykkt að færa fullgildum félagsmönnum afmælisgjöf kr. 10.000,-. Félagsmönnum sem voru fullgildir 1. maí 2011 var gefinn kostur á að nýta sér gjöfina til niðurgreiðslna á ýmsum styrkum sem eru í boði úr sjúkra-, orlofs- og fræðslusjóði félagsins í tvö ár frá afmælisfagnaðinum 1. maí 2011. Óhætt er að segja að gjöfin hafi mælst vel fyrir því nú þegar hafa um 300 félagsmenn notfært sér gjöfina til góðra hluta sem nemur um þremur milljónum. Á síðasta stjórnarfundi Framsýnar var samþykkt að heimila félagsmönnum, sem ekki hafa þegar nýtt sér gjöfina, að gera það í eitt ár í viðbót. Félagsmenn eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins varðandi frekari upplýsingar um gjöfina og hvernig menn geta notað hana.

Tölvunámskeið fyrir byrjendur

8 klukkustundir (12 kest).

Gott námskeið fyrir þá sem lítið hafa unnið á tölvur og vilja læra að vinna í ritvinnslu (word) og töflureikni (excel). Einnig verður farið stuttlega yfir notkun veraldarvefarins (internetsins), t.d. hvernig senda á tölvupóst og notkun leitarvéla. Lögð er áhersla á að kenna gagnleg atriði sem nýtast við tölvunotkun heima og í vinnu.

Kennt verður á fimmtudagskvöldum frá 20:00-22:00. Námskeiðið hefst 21. mars. Skráning á námskeiðið stendur yfir til 18. mars á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Staður: Auglýst á starfssvæði Framsýnar og Þekkingarnets Þingeyinga og námskeiðið verður haldið þar sem þátttaka næst.
Miðað er við 8-10 nemendur í hóp.
Kennari: Aðalsteinn J. Halldórsson

Frítt fyrir fullgilda félagsmenn Framsýnar og Þingiðnar en kr. 8.000 fyrir aðra.

Skyndihjálparnámskeið

4 klukkustundir (5 kest).

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja læra eða rifja upp grunnatriði skyndihjálpar og sálræns stuðnings og öðlast lágmarksfærni í að veita slösuðum eða veikum aðstoð í bráðatilfellum. Stutt og gott námskeið fyrir alla.

Markmið: Að þátttakendur öðlist grunnfærni í að beita skyndihjálp og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum. ***Kennt verður miðvikudagskvöldið 20. mars frá 18:00-22:00.*** Skráning á námskeiðið stendur yfir til 15. mars á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Frítt er fyrir fullgilda félagsmenn Framsýnar og Þingiðnar en aðrir greiða kr. 4.000.

Að semja um laun

– Áhugavert námskeið

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum bjóða félagsmönnum upp á áhugavert námskeið er nefnist AÐ SEMJA UM LAUN. Leiðbeinandi á námskeiðinu verður Gylfi Dalmann Aðalsteinsson kennari við Háskóla Íslands. Um er að ræða 3 klst. námskeið. Námskeiðið verður haldið mánudaginn 18. mars kl. 19:00 í fundarsal stéttarfélaganna. Námskeið er frítt fyrir félagsmenn stéttarfélaganna. Skráning á námskeiðið er á Skrifstofu stéttarfélaganna. Uppbygging námskeiðsins er eftirfarandi:

Farið verður yfir þá þætti sem skapa virði starfsmanna. Rætt verður um starfsþróun, atvinnuhæfni og starfsþróunaráætlanir. Þátttakendur leggja mat á eigið vinnuframlag, meta styrkleika og veikleika sína og koma auga á þau tækifæri sem eru til staðar. Þátttakendur rýna í eigin menntun, þekkingu, færni, hæfni, reynslu, árangur og frammistöðu í starfi. Farið verður í undirbúning launaviðtalsins og kenndar mismunandi aðferðir í samningatækni sem t.d. nýtast í launa- eða ráðningarviðtali.

Það sem er tekið fyrir á námskeiðinu:
Atvinnuhæfni – starfsþróun
Að leggja raunhæft mat á sjálfan sig
Undirbúningur launaviðtalsins – greining gagna
Samningatækni

Ávinningur:
Þekkja styrkleika og veikleika
Geta gert starfsþróunaráætlanir og eflt atvinnuhæfni sína
Öðlast sjálfstraust í launaviðtalinu
Aukið virði sitt sem starfsmenn og þar með árangur í launaviðtalinu

Kennsluaðferðir:
Verkefni
Fyrirlestur

Erna Sigríður sigraði

Þeir sem tóku þátt í launakönnun Deildar Verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar fóru allir í sérstakan pott sem dregið var úr. Sú sem varð hlutskörpust og fær í verðlaun vikudvöl í íbúð Framsýnar í Kópavogi er hólarinn Erna Sigríður Hannesdóttir. Við óskum henni til hamingju um leið og við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni fyrir þátttökuna.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 1. mars 2013 og gefið út í 2000 eintökum.
HÖNNUN: Skarpur, Húsavík. PRENTUN: Héraðsprent, Egilsstaðir.

Áfram Raufarhöfn!

Töluverð umræða hefur verið um málefni Raufarhafnar síðustu mánuðina vegna þeirrar miklu fólksfækkunar sem þar hefur orðið. Þá hefur jafnframt atvinnulífi á staðnum hnignað verulega. Byggðastofnun ásamt heimaaðilunum hefur unnið markvist að því að kortleggja vandann með íbúum Raufarhafnar. Í því sambandi hafa verið haldnir nokkrir fundir með íbúum staðarins. Sá síðasti í þessari röð funda var haldinn 26. febrúar s.l. í félagsheimilinu á Raufarhöfn. Um 60 íbúar og gestir tóku þátt í fundinum. Á fundinum var farið yfir umræðuna og niðurstöðu fundanna sem haldnir hafa verið. Greinilegt er að íbúar staðarins leggja höfuð áherslu á að auka sjávarútveg og fiskvinnslu auk þess að efla ferðaþjónustu. Þá ríkir ófremdarástand í löggæslumálum allt frá Bakkafirði til Kópaskers þar sem einum lögreglumanni er ætlað að sinna öllu svæðinu. Íbúar Raufarhafnar telja afar mikilvægt að lögreglumaður/menn verði ávallt til staðar á Raufarhöfn.

Á fundinum kom einnig fram að búið er að ráða Kristján Þ. Halldórsson í starf verkefnisstjóra frá 1. mars. Kristjáni er m.a. ætlað að vinna með þá punkta sem fram komu á íbúafundunum en margar góðar hugmyndir hafa komið fram sem áhugavert verður að fylgjast með. Í lokin sameinuðust fundarmenn og sögðu ÁFRAM RAUFARHÖFN!!!!!!!!!!

Góður andi var á fundinum þrátt fyrir stöðuna sem Raufarhafnarbúar hafa þurft að búa við undanfarin ár.

Vertu á verði! – átakið hafið

Stöndum saman og rjúfum vítahring verðbólgunnar. Framsýn, Þingiðn,Verkalýðsfélag Þórshafnar og önnur stéttarfélög innan ASÍ hafa hafið átak gegn verðhækkunum undir yfirskriftinni – Vertu á verði. Almenningur og atvinnulífið eru hvött til að taka höndum saman og rjúfa vítahring verðbólgunnar. Átakinu er ætlað að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald í verðlagsmálum og vekja neytendur til aukinnar vitundar. Skorað er á fólk að senda ábendingar um verðhækkanir á – www.vertuaverdi.is.

Á heimasíðu átaksins www.vertuaverdi.is geta allir sent inn ábendingar um verðhækkanir á fljótlegan og einfaldan hátt. Þannig getum við sameiginlega skapað mikilvægt aðhald, meðvitund og umræðu um verðlagsmál. Það er hagsmunamál okkar allra að vera á verði og láta vita. Verðbólgan er versti óvinur launafólks. Launafólk er langþreytt á að hóflegar launahækkanir sem samið er um í kjarasamningum séu sífellt notaðar til að réttlæta miklar verðhækkanir og aukna verðbólgu. Við endurskoðun kjarasamninga nú í janúar lögðu fulltrúar launafólks mikla áherslu á að samstaða yrði meðal fyrirtækja og opinberra aðila um að sýna aðhald í verðhækkunum svo nýtilkomnar launahækkanir skili sér í auknum kaupmætti launafólks. Allir þurfa nú að taka höndum saman – sýna ábyrgð og stöðva verðhækkanir – það gagnast okkur öllum.

Stéttarfélögin á Íslandi standa fyrir átaki gegn verðhækkunum undir yfirskriftinni – Vertu á verði.

Launakönnun verslunarfólks

Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar stóð fyrir launakönnun meðal starfandi verslunar- og skrifstofufólks á félagssvæðinu. Á næstu dögum liggja fyrir niðurstöður úr könnuninni. Þær verða birtar á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is.

Vandaðir félagsjakkar til sölu

Félagsmönnum Framsýnar og Þingiðnar stendur til boða að kaupa vandaða félagsjakka frá 66°Norður en félögin hafa gengið frá samkomulagi við fyrirtækið um kaup á jökkunum. Fullt verð á jökkunum er kr. 28.000,-. Verð til félagsmanna verður aðeins kr. 12.000,-. Þeir sem hafa áhuga á því að eignast félagsjakka á þessu einstaka verði eru beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir 31. mars. Þar er einnig hægt að máta jakkana. Áhugasömum kaupendum verður einnig gefinn kostur á að máta jakkana víða um héraðið. Merki Framsýnar eða Þingiðnar verður á annarri erminni allt eftir því í hvaða stéttarfélagi viðkomandi kaupandi er í.

Þetta unga efnilega fólk, Sindri Ingólfsson og Anna Halldóra Ágústsdóttir eru þegar komin í nýju félagsjakkana. Mynd af þeim er jafnframt á forsíðu Fréttabréfsins.

Myndbönd vekja athygli

Það er full ástæða til að hvetja fólk til að fara inn á framsyn.is og skoða mögnuð myndbönd sem Rafnar Orri Gunnarsson hefur tekið af vinnandi fólki í Þingeyjarsýslum.

VÞ umhugað um tímatalið

Ljósmyndahópur á vegum Grunnskólans á Þórshöfn var staddur á Dvalarheimilinu Nausti þegar fulltrúi Verkalýðsfélags Þórshafnar kom þar við til að gefa íbúum á Nausti dagatöl, þessi gömlu góðu sem hægt er að rífa af! Það var Margrét Brá Jónasdóttir, nemandi í 9.bekk, sem tók þessa mynd af Kristínu Kristjánsdóttur starfsmanni félagsins afhenda Þórólfi vistmanni á Nausti dagatal.

Verkalýðsfélag Þórshafnar hefur verið að gera marga góða hluti á Þórshöfn enda starfsemi félagsins lífleg.

Ódýr gisting á hóteli

Rétt er að minna félagsmenn stéttarfélaganna á að félögin eru með samning við Fosshótelin í Reykjavík um einstök verð til félagsmanna. Félagsmenn greiða aðeins kr. 7000 fyrir tveggja manna herbergi með morgunmat.

Sumarhús, íbúðir, hótel og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum; Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum sínum upp á sameiginlega orlofskosti í sumar eins og undanfarin ár.
Félagsmönnum bjóðast orlofshús, íbúðir, gistiávísanir á Gistihúsi Keflavíkur og Hótel Keflavík, Foss- og Edduhótelum, gisting á farfuglaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum og vegna kaupa á útilegukortum.
Hótel Keflavík, Gistihús Keflavíkur, Bed/Breakfast Keflavík, Fosshótel Barón í Reykjavík, Fosshótel Lind í Reykjavík og nokkur Farfuglaheimili eru opin allt árið og gildir afsláttur til félagsmanna þar einnig yfir vetrarmánuðina.
Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélögunum í Þingeyjarsýslum. Leitast er við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutað orlofshúsi.

Umsóknarfrestur er til 2. apríl

Leiguverð sumarið 2013

Líkt og undanfarin ár bjóða félögin upp orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 24.000 á viku í sumar. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur.
Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Flókalundur - Barðaströnd

Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum

Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 10

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m2 orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús Illugastöðum

Í boði er 48 m2 orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar.
Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsófi. Við húsið er góð verönd með heitum potti.
Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug.

Orlofshús Öxarfirði

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þrem svefnherberjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 31. maí til 30. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Orlofshús Eiðum-MIKIÐ ENDURBÆTT

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m2 orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Orlofshús á Einarsstöðum

Sumarhúsin að Einarsstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1000 kr. á rúmið og 300 fyrir baðhandklæði, (sækja og greiða þarf línið hjá umsjónarmanni).

Umsóknarfrestur og úthlutun

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimsíðu félaganna www.framsyn.is. Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 2. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi

Orlofshúsið er um 52 m2 að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshúsið Lyngás 8 Grímsnesi

Í boði er stórt orlofshús, um 100 m2 (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m2 svefnloft með tveimur tvíbreiðum rúmum og einu einbreiðu rúmi. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum. Athugið, myndin er ekki af rétta orlofshúsinu sem stéttarfélögin eru með á leigu en það er mjög svipað húsinu á myndinni.

Orlofshús Ölfusborgum

Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m2 með þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi

Í boði eru fjórar glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til 100 fm. Í íbúðunum eru tvo herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Sólheimar 23 Reykjavík

Íbúðin í Sólheimum er í eigu Starfsmannafélags Húsavíkur. Íbúðin er þriggja herbergja og aðeins leigð til félagsmanna í STH. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum. Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.
Íbúðin er leigð út af Bæjarskrifstofunni og gefa Ása Gísladóttir sími 464-6103 eða Guðfinna Baldvinsdóttir síma 464-6102 upplýsingar um hana. Umsjónarmaður íbúðar í Reykjavík er Bragi Halldórsson símar 553-5083 og 899-5082

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann.
Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum.
Brot á þessum reglum varða tafarlausi brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

Hótelgisting á Fosshótelum

Félagsmönnum býðst gisting á Fosshótelum sem staðsett eru í Reykjavík, Reykholti, Húsavík, Dalvík, Laugum, við Hornafjörð, Skaftafelli og Hellu. Í boði er tveggja manna uppábúið herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn sjá sjálfir um að bóka gistinguna og kaupa síðan gistiávísun á Skrifstofu stéttarfélaganna.

- Almennt verð fyrir gistinóttina er kr. 7.000 með niðurgreiðslu.
- Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum.
- Aukarúm kostar kr. 5.000 með morgunmat.
- Frá 1. júní til 31. ágúst þarf að greiða með 2 gistimiðum fyrir hverja nótt á Fosshótelum.

FOSSHOTEL

Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum býðst gisting á 12 Edduhótelum sem staðsett eru um allt land. Hótelin eru: ML Laugarvatni, IKI Laugarvatni, Skógar, Höfn, Neskaupsstaður, Egilsstaðir, Akureyri, Stórutjarnir, Vík, Laugarbakki, Sælingsdalur og Ísafjörður.
Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávísun fyrir uppbúið tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelið leggur til dýnur. Félagsmenn fá góðan afslátt og að auki niðurgreiða stéttarfélögin hverja nótt um kr. 2.250,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er hjá einstökum hótelum eftir tímabilum.
Nánari upplýsingar á www.hoteledda.is

Gisting á Gistihúsi Keflavíkur

Stéttarfélögin hafa samið við Gistihús Keflavík/ Bed-Brekfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félögin hverja gistinótt um kr. 2.000,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Boðið er upp á morgunverð frá klukkan 04:30 alla daga. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalin í verði. Nánari upplýsingar á www.bbkeflavik.com

Gistiheimili Keflavíkur

Stéttarfélögin hafa samið við Gistiheimili Keflavíkur um ódýra gistingu fyrir félagsmenn sem ferðast milli landa. Gistiheimilið er í eigu sömu aðila og reka Hótel Keflavík. Félagsmenn greiða kr. 4.300 fyrir tveggja manna herbergi með morgunverði. Gisting í eins manns herbergi með morgunverði er á kr 3.300,-. Gestir þurfa að deila snyrtingu með öðrum gestum en tvö baðherbergi fylgja sex herbergjum. Rétt er að taka fram að þetta er vetrarverð. Verðið hækkar svo sumarið 2013 um kr. 1.500 á herbergi. Innifalið í verðinu er einnig geymsla á bíl. Gistiheimilið er við Vatnsnesveg 9 í Keflavík, það er á móti Hótel Keflavík. Innritun gesta á Gistiheimili Keflavíkur fer fram á Hótel Keflavík. Þar geta gestir einnig gengið að góðum morgunverði og annarri þjónustu á vegum hótelsins. Verðin sem gefin eru upp í þessari lýsingu eru eftir niðurgreiðslur stéttarfélaganna og afsláttarkjör sem félögin sömdu um við Gistiheimili Keflavíkur. Það er endanlegt verð.

Gisting á Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst ódýr gisting á Hótel Keflavík, sem er góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurflugvöll.
Félagsmenn kaupa gistiávísun á skrifstofu stéttarfélaganna og bóka gistingu á hótelinu. Í boði er einmennings-, tveggja manna- og fjölskylduherbergi. Félögin niðurgreiða einnig gistinóttina um kr. 2.000 fyrir hvern fullgildan félagsmann.
Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaust. Nánari upplýsingar á www.hotelkeflavik.is

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gisting á farfuglaheimilum en þau eru 36 og staðsett um allt land.
Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng, kodda, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Gistiávísanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.

Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Miðar í Hvalfjarðargöng til sölu

Stéttarfélögin hafa til sölu miða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Verðið per. miða er kr. 650,-. Félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar fá miðana á sama verði hjá skrifstofu félagsins á Þórshöfn

Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 60 til 70.000 í leigu fyrir vikuna. Leiguverðið í sumar til félagsmanna verður kr. 24.000,-. Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar að hafa húsin á leigu. Þannig niðurgreiða stéttarfélögin hverja viku niður fyrir félagsmenn um allt að 40.000 kr. per. viku.

Útilega í boði þíns stéttarfélags

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 15.000,-.
Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 6 mánuði.

Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Stéttarfélögin hafa samið við Bílaleigu Húsavíkur um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélögin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýtir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

Söguferð um Langanes

Stéttarfélögin standa fyrir söguferð um Langanes laugardaginn 24. ágúst. Farið verður frá Húsavík kl. 08:00. Á leiðinni austur verður komið við í Gljúfrastofu. Þegar komið verður til Þórshafnar verður söguganga um bæinn og boðið upp á súpu og brauð á staðnum. Því næst verður lagt á stað út á Langanes. Litið verður inn í hið sögufræga Sauðaneshús. Skoruvíkurbjarg verður skoðað og litið á súluna í Stóra Karli. Þaðan verður haldið áfram að eyðiþorpinu Skálum og fræðst um sögu þess. Frá Skálum verður ekið út á Font. Á leiðinni til baka af Langanesinu verður komið við á Ytra Lóni þar sem boðið verður upp á kaffiveitingar áður en haldið verður aftur til Húsavíkur. Leiðsögumaður um Langanesið verður Halldóra Gunnarsdóttir. Áætluð heimkoma til Húsavíkur er um kl. 21:00. Skráning og frekari upplýsingar um ferðina er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þátttökugjaldið er kr. 5000,- fyrir félagsmenn. Ekki missa af þessari einstöku ferð

Það er víða fallegt á Langanesinu og þar er mikið fuglalíf. Stéttarfélögin standa fyrir ferð á Langanesið í ágúst. Mynd: Hróbjartur Sigurðsson

Jöklaferð í boði stéttarfélaganna

Stéttarfélögin og ferðaþjónustufyrirtækið ICE hafa gert með sér samkomulag um að bjóða félagsmönnum upp á daglegar jöklaferðir í sumar upp á topp Langjökuls í Ice Explorer sem er 8 hjóla jöklatrukkur. Tækið er sérhannað til jöklaferða og tekur 40 farþega. Ferðin tekur um tvær klukkustundir. Um er að ræða frábæra ferð fyrir alla fjölskylduna.
Félagsmenn stéttarfélaganna fá „tvo miða fyrir einn“ frá 1. júní - 31. ágúst. Miðaverðið er kr. 13.700,-. Þannig greiða t.d. hjón sem bæði eru í Framsýn þessa upphæð fyrir tvo miða.
Ókeypis er fyrir 0-11 ára og hálft gjald fyrir 12-15 ára, kr. 6.850,-.
Félagsmenn bóka með fyrirvara í síma 588 5555 og sýna staðfestingu þegar þeir fara í ferðina um að þér séu félagsmenn stéttarfélaganna. Hægt er að fá miða á Skrifstofu stéttarfélaganna sem staðfestir að viðkomandi sé félagsmaður.
Farið er frá Þjónustumiðstöðinni í Húsafell í Borgarfirði daglega kl. 12:00. Þaðan er farið upp að jökulröndinni í veg fyrir jöklatrukkinn sem fer þaðan kl. 13:00.
Nánari upplýsingar eru á heimasíðu ICE www.adventure.is. Ferðin heitir ICE 6, Ice Explorer Adventure.

Samlestur á kjarasamningi

Fulltrúar frá aðildarfélögum Starfsgreinasambands Íslands tóku þátt í samlestri á ákvæðum kjarasamnings sambandsins og Samtaka atvinnulífsins sem fram fór í Reykjavík á dögunum. Farið var almennt yfir kjarasamninginn og sérákvæði hópa innan samningsins. Sem dæmi má nefna að fjallað var sérstaklega um málefni iðnverkafólks í einum hópi og fiskvinnslufólks í öðrum hópi. Þeir sem tóku þátt í samlestrinum voru starfsmenn og forsvarsmenn stéttarfélaga inna Starfsgreinsambandsins sem og trúnaðarmenn. Framsýn tók að sjálfsögðu þátt í fundinum en fjórir fulltrúar frá félaginu sáttu fundinn.

Þau tóku þátt í fundinum fyrir Framsýn enda var verið að fjalla m.a. um réttindi og kjör fólks við fiskeldi, fiskvinnslu og kjötvinnslu. Einar Magnús, Helga og Ölver eru trúnaðarmenn á vinnustöðum sem starfa í þessum atvinnugreinum. Þau voru ánægð með samkomuna og sögðust hafa lært mikið af samlestrinum.

728 félagsmenn fengu greiðslur

Á árinu 2012 fengu 728 félagsmenn styrki úr sjóðum stéttarfélaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Búið er að senda út launamiða til félagsmanna þar sem þessar upplýsingar koma fram. Í heildina eru þessar greiðslur nálægt 38 milljónum. Þar af fengu félagsmenn Framsýnar um 33 milljónir.

Skemmtilegt framtak hjá börnum á Þórshöfn

Þau Dagný Rós og Atli Berg Kristjánsbörn, Zuzanna Jadwiga Potrykus og Katrín og Birgitta Rúnarsdætur sem búa á Þórshöfn héldu nýlega tombólu til styrktar UNICEF. Þau fengu að vera í Samkaup Strax og söfnuðu hvorki meira né minna en 12.500 krónum! Fulltrúar UNICEF á Íslandi eru þessum dugnaðarforkum og hugsjónafólki hjartanlega þakklát fyrir framtakið. Framtak barnanna er til mikillar fyrirmyndar.

Þessi frábæru börn söfnuðu kr. 12.500 fyrir UNICEF á Íslandi.

Fiskvinnslufólk á námskeiði

Í janúar var haldið 40 stunda kjarasamningsbundið grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk. Alls tóku 25 starfsmenn frá fyrirtækjunum Vísi og GPG á Húsavík þátt í námskeiðinu. Þekkingarnet Þingeyinga sá um skipulagninguna. Á námskeiðinu var farið yfir marga þætti er varða þeirra störf s.s. gæðamál, markaðsmál, hreinlætismál, réttindi á vinnumarkaði, líkamsbeitingu og öryggi á vinnustöðum. Kennt var á tveimur stöðum, í fundarsal stéttarfélaganna og í kaffistofu starfsmanna Vísis.

Af þeim 25 þátttakendum sem tóku þátt í námskeiðinu voru 18 Pólverjar. Hér er Daria að túlka fyrir einn af kennurum námskeiðsins. Starfsmenn sem hefja störf í fiskvinnslu á Íslandi eiga rétt á 40 tíma námskeiði þegar þeir hefja störf, það er á fyrstra starfsári. Jafnframt eiga starfsmenn rétt á 15 tíma framhaldsnámskeiði. Þeir sem ljúka þessum tveimur námskeiðum fá fjóra flokka í launahækkun.

Nemendur Grænuvalla til fyrirmyndar

Leikskólinn Grænuvellir á Húsavík stóð fyrir Góðgerðarviku í febrúar sem er til mikillar fyrirmyndar. Börnin fóru m.a. á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Hvamm, heimili aldraðra á Húsavík. Tilgangurinn var að færa heimilismönnum smákökur sem börnin höfðu bakað. Þegar einn af starfsmönnum stéttarfélaganna læddist í Heimabakarí til að fá sér eðalbrauð voru nemendur úr leikskólanum að færa starfsmönnum myndamöppu með teikningum af rjómabollum og ljósmyndum frá Bolludeginum. Með þessari fallegu gjöf vildu ungu nemendurnir færa Heimabakaríi þakklætisgjöf fyrir rjómabollurnar sem bakaríið gaf nemendum skólans á Bolludaginn.

Hér má sjá börn af Bergi sem er deild innan Grænuvalla ásamt starfsmönnum færa fulltrúum Heimabakarís fallega myndamöppu að gjöf fyrir allar bollurnar á Bolludaginn. Eða eins og börnin sögðu, “ þær voru alveg rosalega góðar með miklum rjóma.“

Dalakofinn mikilvægur samfélaginu

Fulltrúar Framsýnar komu við í Dalakofanum í Reykjadal til þess að kynna sér starfsemina auk þess að fá sér eitthvað gott að borða. Þessi vinalegi staður er rekinn af þeim hjónum Þóru Fríði Björnsdóttur og Sigfúsi Haraldi Bóassyni. Dalakofinn skiptist í dagvöruverslun og veitingastað, sem býður upp á fjölbreytt úrval veitinga og þjónustu.

„Í hádeginu á virkum dögum er boðið upp á rétt dagsins, sem notið hefur vaxandi vinsælda hjá íbúum og ferðamönnum og einnig er alltaf boðið upp á fjölbreytta rétti af matseðli. Við leggjum áherslu á að bjóða heimafólki, nemendum framhaldsskólans og ferðmönnum upp á gott vöruúrval og lipra þjónustu. Við erum meðvituð um að verslunar- og veitingarekstur er ekkert sem menn verða ríkir á. Þessi þjónusta og störfin kringum hana eru hins vegar mikilvæg fyrir samfélagið í Þingeyjarsveit og viðskiptavini okkar, þetta finnum við og það gefur okkur kraft og vilja til að halda ótrauð áfram, við höfum metnað og vilja til að gera enn betur.“ Segja þau Haraldur, Þóra og Gunnar sonur þeirra. Fréttabréfið óskar þeim að sjálfsögðu velfarnaðar.

Nú starfa þrír starfsmenn í Dalakofanum og fleiri munu síðan bætast í hópinn í vor.

Nýjar reglur um innheimtu iðgjalda

Reglur um innheimtu iðgjalda á vegum stéttarfélaganna, Framsýnar og Þingiðnar, hafa verið endurskoðaðar og tóku þær gildi 1. janúar 2013. Þær varða skil atvinnurekenda á kjarasamnings- og lögbundum iðgjöldum til stéttarfélaga. Hægt er að skoða reglurnar inn á heimasíðu stéttarfélaganna.

Viltu fá námskeið?

Stéttarfélögin og Þekkingarnet Þingeyinga vilja hvetja lesendur Fréttabréfsins til að koma ábendingum um námskeið sem þeir vilja að verði haldin í Þingeyjarsýslum á framfæri við þessa aðila. Vilji er til þess að auka námskeiðahald á svæðinu og því er leitað eftir hugmyndum að góðum námskeiðum. Þá er skorað á fólk að skoða vel framboðið af námskeiðum sem Þekkingarnet Þingeyinga býður reglulega upp á. Félagsmenn stéttarfélaganna eiga rétt á góðum styrkjum fari þeir á námskeið.

Starfsfólk á rétt á vinnufatnaði

Skrifstofa stéttarfélaganna hefur undanfarið hvatt fyrirtæki til að huga vel að vinnufatnaði starfsmanna en samkvæmt ákvæðum kjarasamninga eiga atvinnurekendur að leggja til vinnufatnað í flestum tilvikum. Þá má geta þess að töluvert hefur verið um fyrirspurnir frá félagsmönnum varðandi skyldur atvinnurekenda til að leggja til vinnufatnað og öryggisskó. Almennt er það þannig að atvinnurekendum ber að leggja til vinnufatnað, öryggisskó og frekari öryggisfatnað ef með þarf. Ákvæðið er nokkuð breytilegt milli samninga og sumstaðar er heimild fyrir því að greiða fatapeninga í stað vinnufatnaðar. Ástæða er til að hvetja atvinnurekendur til að uppfylla ákvæði kjarasamninga varðandi skyldur þeirra til að leggja starfsmönnum í té vinnufatnað. Stéttarfélögin munu fylgjast áfram með málinu.

Í flestum kjarasamningum er ákvæði um skyldur atvinnurekenda til að leggja starfsmönnum til vinnufatnað. Eins og sjá má á þessari mynd er vel búið að starfsmönnum Vísis á Húsavík. Skorað er á atvinnurekendur að fylgja eftir ákvæðum kjarasamninga og leggja starfsmönnum til þann vinnufatnað sem þeir eiga rétt á samkvæmt reglum og lögum.

Vertu á verði!

Nú er nóg komið af verðhækkunum

Aðildarfélög ASÍ hvetja landsmenn til að snúast af aleþi gegn verðhækkunum. Tökum höndum saman og látum vita af óeðlilegum verðhækkunum með því að senda inn myndir eða tilkynningar á vertuáverði.is

Stöndum saman og rúfum vítahring verðbólgunnar!

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Undirbúningur í gangi

Að sjálfsögðu er undirbúningur í gangi vegna hátíðarhaldanna á Húsavík 1. maí. Fyrir liggur að Dríða Snædal verður ræðumaður dagsins en hún er ekki bara góður talsmaður verkafólks í landinu heldur einnig framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands. Það verður því mikill fengur að fá Drífu Snædal til Húsavíkur í byrjun maí en hún var um tíma formaður Iðnnemasambandsins. Hátíðarhöldin hefjast að venju kl. 14:00 í Íþróttahöllinni.

Dríða Snædal.

Starfsmannafundur

Formaður Framsýnar fundaði með starfsmönnum Stórutjarnarskóla þegar hann var á ferð um félagssvæðið á dögunum. Umræður urðu um starfsemi Framsýnar, réttindi starfsmanna og væntanlega kjarasamningsgerð en kjarasamningar eru almennt lausir síðar á þessu ári. Framsýn hefur verið á yfirreið um félagssvæðið og var heimsóknin í Stórutjarnir liður í þeirri áætlun.

Í upphafi fundar fór formaður með borðbæn, smá grín!! Að sjálfsögðu var hann að ræða um kjaramál og starfsemi Framsýnar sem starfsmenn Stórutjarnaskóla hlustuðu á og spurðu formanninn jafnframt út í nokkur mál sem þeir vildu fræðast um.

Áhugasamir nemendur við Ljósavatn

Aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna leggja mikið upp úr því að uppfræða unglinga á grunn- og framhaldsskólastigi um atvinnulífið og starfsemi stéttarfélaga í Þingeyjarsýslum. Í því sambandi hafa stéttarfélögin átt mjög gott samstarf við skólana á svæðinu. Í febrúar voru fulltrúar félaganna á ferðinni í Stórutjarnaskóla með kynningu fyrir elstu nemendur skólans. Kynningin gekk vel og voru nemendur duglegir að varpa fram spurningum um ýmislegt sem varðaði þeirra réttindi á vinnumarkaði. Næsta kynning verður svo í Framhaldsskóla Húsvíkur í þessari viku. Þeir skólastjórnendur sem vilja fá kynningu fyrir vorið eru beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Hvernig er það, hvenær öðlast maður rétt á desemberuppbót? Það voru margar spurningar sem nemendur Stórutjarnaskóla lögðu fyrir fulltrúa stéttarfélaganna.

Félögin styrkja bókakaup

Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn og Þingiðn urðu við beiðni Skólasafns Borgarhólsskóla og færðu safninu að gjöf kr. 150.000 til kaupa á nýjum bókum fyrir safnið en safnið hefur ekki getað fjárfest í nýjum bókum fyrir nemendur skólans eins og það hefði viljað vegna niðurskurðar á fjárveitingum.

Gleðifréttir – skrifað undir samstarfsyfirlýsingu

Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og Bergur Elías Ágústsson bæjarstjóri Norðurþings hafa skrifað undir yfirlýsingu um samstarf ríkisins við Norðurþing, Hafnarsjóð Norðurþings og þýska iðnfyrirtækið PCC vegna áforma um uppbyggingu kísilvers á Bakka. Þá var jafnframt undirritað samkomulag milli Norðurþings, Hafnarsjóðs Norðurþings og íslenska ríkisins um ýmsar nauðsynlegar aðgerðir svo hægt verði að ráðast í atvinnuuppbyggingu á Bakka.

Atvinnuvegaráðherra mun leggja fram tvö frumvörp á Alþingi. Annað frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra verði veitt heimild til að gera fjárfestingarsamning um byggingu kísilvers á Bakka. Hitt frumvarpið er lagt fram til að afla heimilda fyrir ríkið til að kosta uppbyggingu tiltekinna innviða sem eru nauðsynleg forsenda verkefnisins, einkum vegtengingu milli hafnarinnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka og stækkun Húsavíkurhafnar.

Með þessum undirritunum er stigið veigamikið skref í uppbyggingu nýs iðnaðarsvæðis á Norðurlandi. Vonandi ber Alþingi gæfu til að klára málið og staðfesta þar með samstarfsyfirlýsinguna.

Steingrímur J. og Bergur Elías hafa skrifað undir samstarfsyfirlýsingu um veigamikla uppbyggingu á Bakka við Húsavík. Nú er að sjá hvort alþingismenn styðja ekki þessa tillögu. Mynd: Vikudagur

Bjartsýni á aðalfundi DVSF

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar var haldinn í lok janúar. Formaður deildarinnar, Jóna Matthíasdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir nýliðið starfsár. Ný stjórn og varastjórn var kjörin, Jóna Matthíasdóttir, Jónína Hermannsdóttir og Birgitta Bjarney Svavarsdóttir í aðalstjórn og Katarzyna Osipowska og Kári Kristjánsson í varastjórn.

Í skýrslu stjórnar kom fram að búið er að senda út launakönnun til félagsmanna deildarinnar og er skilafrestur til 10. febrúar nk. Vænst er góðrar þátttöku félagsmanna og að niðurstaðan verði deildinni gott veganesti og tól vegna komandi kjarabaráttu auk þess að gefa góða mynd af kjörum félagsmanna okkar. Þá var gerð grein fyrir nýjum bæklingi Framsýnar sem tekur á helstu upplýsingum um styrki og þjónustu félagsins. Fundarmenn gerðu góðan róm af þessu framtaki félagsins. Í kjölfarið voru nokkrar umræður um réttindi og skyldur félagsmanna. Þá sýndu starfsmenn félagsins nýja félagsjakka Framsýnar sem eru á góðu tilboði frá 66°N og verða jakkar til mátunar og pöntunar í mars. Nokkrar umræður urðu um almennar verðhækkanir á matvöru og öðrum gjöldum, sem koma verulega við pyngju félagsmanna. Gerð var grein fyrir verkefni Framsýnar sem unnið er í góðu samstarfi við Verðlagseftirlit ASÍ en hert verður á verðlagseftirliti á árinu.

Jóna Matthíasdóttir er formaður deildarinnar.

Þorra blótað

Starfsmenn stéttarfélaganna blótuðu að sjálfsögðu þorra ásamt góðum gestum frá Vinnumálastofnun og VÍS. Þá voru formenn Þingiðnar og STH á staðnum, það eru þeir Stefán Stefánsson og Jónas Kristjánsson.

Nammmmmi, nammmmmmmmmi, nammmmmmmmmmm!!!!!!!!!!!!!!!!!!

Stúlkan sem starir á hafið

Við Óskarsstöðina á Raufarhöfn stendur fallegt listaverk til heiðurs síldarstúlkunum sem söltuðu niður síld á síldarárunum. Framsýn kom að því að styrkja gerð listaverksins um kr. 100.000,-. Sköpun listaverksins var samstarfsverkefni Ingibjargar Guðmundsdóttur listakonu frá Kópaskeri og Björns Halldórssonar frá Valþjófsstöðum í Núpasveit við Öxarfjörð. Full ástæða er til að hvetja fólk til að heimsækja Raufarhöfn og heilsa upp á síldarstúlkuna sem starir út á hafið meðan hún bíður eftir næsta farmi af silfri hafsins.

Beðið eftir silfri hafsins. Á sínum tíma voru allt að 11 síldarsöltunarstöðvar á Raufarhöfn og í landlegum er talið að um 4000 manns hafi verið á Raufarhöfn, það er sjómenn og landverkafólk.

Þess má geta að á sjöunda áratugnum var Raufarhöfn einn mesti síldarbærinn á Íslandi. Á þeim tíma voru allt að 11 síldarsöltunarstöðvar starfandi samtímis. Þá komu um 10% af tekjum þjóðarinnar frá Raufarhöfn. Íbúar voru hátt í 700 og á síldarvertíðinni streymdi aðkomufólk til Raufarhafnar í vinnu þannig að íbúatalan í þorpinu margfaldaðist.
Síldarstúlkan sem er til minningar um síldarárin á Raufarhöfn er unnin í rekavið.

Komið til móts við unga félagsmenn

Framsýn hefur samþykkt að koma frekar til móts við ungt fólk sem stundar nám með vinnu og greiðir því óreglulega til félagsins. Þannig verður heimilt að taka tillit til greiðslu félagsgjalds síðustu 24 mánaða í stað síðustu 6 mánaða þegar réttur viðkomandi einstaklinga er reiknaður.
Í þeim tilfellum þegar nemendur hafa aðeins unnið í þrjá mánuði á ári með námi hafa þeir ekki náð að öðlast rétt á endurgreiðslum hjá félaginu. Nú verður hins vegar heimilt að meta vinnuframlag þeirra tvö sumur þegar réttur þessara einstaklinga er reiknaður. Um er að ræða töluverða réttarbót fyrir ungt fólk. Þar sem staða Framsýnar er góð er félaginu kleift að gera þessa breytingu ungum félagsmönnum til hagsbóta.

Framsýn kappkostar að vera til fyrirmyndar á flestum sviðum. Ungt fólk fær að njóta þess að staða félagsins er góð.

Takk kærlega fyrir okkur!

Formaður og varaformaður Þingiðnar afhendu nýlega Framhaldsskólanum á Húsavík fjórar örtölvur að gjöf til að nota í frumkvöðlafræði sem kennd er við skólann. Forsvarsmenn Þingiðnar sögðust ekki efast um mikilvægi Framhaldsskólans á Húsavík. Þess vegna ekki síst væri mikilvægt að fyrirtæki, stofnanir, félagssamtök og íbúar svæðisins stæðu vörð um skólann. Með gjöfinni vildi félagið leggja sitt að mörkum til að styðja við áhugavert nám á vegum FSH í frumkvöðlafræði sem vonandi yrði stökkpallur fyrir nemendur inn í frekara iðnnám. Að námi loknu væru nemendurnir að sjálfsögðu velkomnir í Þingiðn, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum.
Herdís Þuríður Sigurðardóttir aðstoðarskólameistari tók við gjöfinni og þakkaði félaginu kærlega fyrir gjöfina sem kæmi að góðum notum fyrir nemendur skólans sem stunduðu þetta nám. Þess má geta að Arnhildur Pálmadóttir kennir frumkvöðlafræðina við FSH. Að hennar sögn verða örtölvurnar notaðar við forritun til að útbúa tölvustýrða hönnun, lítil vélmenni eða listaverk sem unnin verða á vorönn. Líkt og Þuríður þakkaði hún kærlega fyrir gjöfina.

Jónas Kristjánsson formaður og Vigfús Þór Leifsson varaformaður Þingiðnar komu færandi hendi í FSH með veglega gjöf til skólans til að auðvelda nemendum í frumkvöðlafræði að stunda sitt nám. Með þeim eru, Herdís Þuríður aðstoðarskólameistari og Arnhildur Pálma sem hefur umsjón með verkefninu.

Góðir gestir í heimsókn

Félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eru um 110 þúsund. Stór hluti þess hóps er á aldrinum 16-35 ára en á þeim aldri er ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum, öðlast mikilvæga starfsreynslu, stofna fjölskyldur og kaupa íbúðarhúsnæði svo eitthvað sé nefnt. Ekki síst þess vegna er mikilvægt að rödd þessa hóps heyrist innan Alþýðusambandsins og stéttarfélaga og því var ákveðið á þingi ASÍ 2010 að stofna vettvang fyrir ungt launafólk innan aðildarfélaga ASÍ. Fyrsta þing ASÍ-UNG var svo haldið á vormánuðum 2011.
Helstu verkefni ASÍ-UNG er að kynna ungu fólki á vinnumarkaði réttindi þeirra og skyldur og starfsemi stéttarfélaga. Þá er ASÍ-UNG ætlað að tryggja að hugað sé að stöðu og hagsmunum ungs launafólks í stefnu verkalýðshreyfingarinnar og að rödd unga fólksins heyrist í starfi og stefnumótun stéttarfélaganna.
Framsýn og Þingiðn buðu formanni og varaformanni ASÍ-UNG til Húsavíkur til að kynna starfsemina. Þau eru Guðni Gunnarsson og Hrefna Gerður Björnsdóttir.
Á fundinum fóru þau yfir starfsemi og áherslumál ungliðahreyfingarinnar og svöruðu fjölmörgum spurningum frá fundarmönnum. Í lokin þökkuðu þau fyrir góðar samræður og sögðu fundinn hafa verið ánægjulegan. Hann væri sögulegur, það sem þetta væri fyrsti fundurinn sem þeim væri boðið á til að kynna starf ASÍ-UNG hjá stéttarfélögum innan ASÍ.
Til viðbótar má geta þess að Framsýn er með til skoðunar að stofna ungliðadeild innan félagsins. Verði það niðurstaðan verður málið tekið upp til umræðu og afgreiðslu á aðalfundi félagsins í apríl.

Guðni og Hrefna eru hér ásamt þeim Kára Kristjánssyni og Einari Magnúsi Einarssyni sem báðir sitja í trúnaðarmannaráði Framsýnar og hafa auk þess verið fulltrúar Framsýnar á fundum og þingum á vegum ASÍ-UNG. Kári situr í varastjórn ASÍ-UNG.

Siðareglur fyrir Framsýn samþykktar

Framsýn hefur samþykkt siðareglur fyrir félagið. Sérstakur vinnuhópur var skipaður síðasta haust til að vinna drög að reglum og skilaði hópurinn frá sér tillögum í nóvember. Þá var stjórnar og trúnaðarmannaráðsmönnum félagsins gefin kostur á að koma með sínar athugsemdir auk þess sem almennum félagsmönnum var gefinn kostur á því líka en reglurnar voru auglýstar á heimasíðu félagsins. Afraksturinn af þessari miklu vinnu var svo tekin fyrir á fundi Framsýnar í janúar. Þar voru þær samþykktar samhljóða eftir góðar umræður og hafa þær því tekið gildi. Á næsta aðalfundi félagsins verða þær til kynningar og þá mun þriggja manna Siðanefnd verða kjörin sem ætlað er að fylgja því eftir að reglurnar verði virtar innan Framsýnar. Hægt er að skoða samþykktar siðareglur inni á heimasíðu félagsins.

Fiskeldi öflugt á félagssvæðinu

Á félagssvæði Framsýnar er víða rekið öflugt fiskeldi. Það er á Húsavík, Kelduhverfi, Öxarfirði og Reykjahverfi. Fulltrúar Framsýnar komu við í Fiskeldinu í Haukamýri á Húsavík en þar hefur verið mikill uppgangur á síðustu árum og þar er auk þess landslið starfsmanna.

Jóhann Gunnar og Víðir Guðmunds eru sérfræðingar í að snyrta bleikjuflök.

Áfram veginn!

Já, starfsmenn Framsýnar hafa haldið áfram vinnustaðaheimsóknum um félagssvæðið og eru því farnir að þekkja vegakerfið vel á svæðinu. Heimsóknirnar hafa aldrei verið eins margar og um þessar mundir. Hægt hefur verið að fylgjast með heimsóknunum inni á vef stéttarfélaganna og þar eru einnig fjölmargar myndir frá heimsóknunum. Hér má sjá tvær myndir úr heimsóknum frá vinnustöðum í Reykjadalnum en þar er blómlegt atvinnulíf.

Þær eru alltaf hressar konurnar í grunnskólanum á Laugum. Þær eru alveg magnaðar.

Sigrún og Kristján töfra fram góðan mat daglega í Framhaldsskólanum á Laugum.

Sara Stefáns nr. 1000

Sara Stefánsdóttir var þúsundasti facebook vinur Framsýnar og að því tilefni fékk hún veglega gjöf frá Framsýn. Það borgar sig að vera vinur Framsýnar og fylgjast vel með en það er aldrei að vita hverju við tökum upp á þegar það fer að nálgast vin númer 1500 og svo við tölum nú ekki um númer 2000. Njótið dagsins kæru félagsmenn og vinir hér, þar og alls staðar! Til viðbótar má geta þess að facebook síða félagsins hefur vakið mikla athygli en Rafnar Orri Gunnarsson er ritstjóri síðunnar og sér alfarið um hana. Þá hefur gestum sem heimsækja heimasíðu stéttarfélaganna fjölgað verulega.

Vaðlaheiðargöng til umræðu

Fulltrúar frá Einingu-Iðju og Framsýnar komu saman til fundar á Húsavík. Helsta umræðuefni fundarins voru væntanlegar framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng. Þar sem verkið verður bæði unnið á félagssvæði Framsýnar og Einingar- Iðju töldu forsvarsmenn stéttarfélaganna ástæðu til að fara sameiginlega yfir málið. Markmiðið er að félögin fari saman í viðræður við verktakanna um stöðu starfsmanna sem koma til með að vinna við gerð ganganna. Fundurinn var mjög vinsamlegur og ákveðið var að hefja sameiginlegar viðræður við verktakanna og þau önnur stéttarfélög sem koma til með að eiga aðild að þessum mikilvægu framkvæmdum á Norðurlandi. Framsýn og Eining- Iðja leggja mikið upp úr góðu samstarfi þeirra aðila sem koma til með að eiga aðild að verkefninu. Reiknað er með að heildarfjöldi starfsmanna verði um 80 manns og verkið taki um þrjú og hálft ár. Ljóst er að framkvæmdirnar munu hafa gríðarlega jákvæð áhrif á atvinnulífið á svæðinu, en margfeldisáhrif af svona framkvæmdum eru mjög mikil. Þá má geta þess að leiðin á milli Akureyrar og Húsavíkur mun styttast um 16 km og verða 75 km með tilkomu ganganna.

Fulltrúar frá Einingu-Iðju komu til Húsavíkur til að funda með forsvarsmönnum Framsýnar um uppbyggingu Vaðlaheiðagangna.

Þvo þvotta alla daga

Við litum aðeins við hjá starfsmönnum Fatahreinsunar Húsvíkur. Þar voru þeir að hreinsa og þvo þvott enda byggir starfsemin á því að taka við fötum og öðru því sem þarf að hreinsa.

Guðrún og Hafdís eru góðar saman. Þeirra starf er að hreinsa og ganga frá þvotti viðskiptavina.

Auður Hermannsdóttir kann réttu handtökin enda alvön því að brjóta saman þvott.

Vaxtaþrep 30 dagar:

Leggðu grunn að framtíðarsparnaði

Vaxtaþrep 30 dagar er bundinn, óverðtryggður innlánsreikningur þar sem vextirnir hækka í þrepum eftir fjárhæð innistæðunnar.

Úttektir af reikningnum þarf að tilkynna með 30 daga fyrirvara en á móti eru vextirnir hærri en á almennum óbundnum innlánsreikningum og eru þeir greiddir út mánaðarlega inn á ráðstöfunarreikning að eigin vali. Vaxtaþrep 30 dagar hentar því þeim sem vilja örugga og háa ávöxtun en vilja jafnframt að innistæðan sé laus með skömmum fyrirvara.

Fáðu nánari upplýsingar um Vaxtaþrep 30 dagar í næsta útibúi eða á islandsbanki.is.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki